# FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 11. júní 2009, kl 17.00 var fundur haldinn í tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Gígja Óskarsdóttir, Björk Sveinsdóttir, Kristín Leifsdóttir og Róbert F. Gunnarsson.
Auk þess sátu fundinn Sigurður Sigurðarsson og Magnús B. Jónsson.

1. Úthlutun menningarstyrkja.

Fyrir fundinum lá að endurskoða úthlutun menningarstyrkja þar sem fjárhagsáætlun heimilar 200 þús en ekki 300 þús eins og gengið var útfrá á síðasta fundi. Ákveðið að úthlutun menningarstyrkja skuli vera:

a) Kirkjukór Hólaneskirkju vegna gospelnámskeiðs 150 þús.
b) Helena Mara Velemir vegna ljósmyndasýningar 50 þús.

2. Beðni um frestun kántrýdaga um eina helgi.

Á síðasta fundi var ákveðið að kanna hvort sjómenn á Arnari HU 1 geti staðfest að skipið verði í slipp eins og kom fram í erindi þeirra. Ekki hafði verið unnt að fá staðfestingu á að skipið verði í landi helgina 22.-23. ágúst. Samþykkt að halda óbreyttri dagsetningu 15. -16. ágúst.

3. Efni í dagskrá kántrýdaga.

Ýmis atriði voru til umræðu og skiptu fundarmenn með sér verkum við að undirbúa dagskráratriði Kántrýdaga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.25

Gígja Óskarsdóttir — Björk Sveinsdóttir

Kristín Leifsdóttir — Róbert F. Gunnarsson

Sigurður Sigurðarson — Magnús B. Jónsson